Hagtíðindi
Statistical Series

Ferðaþjónusta
Tourism

5. apríl 2016

# Gistingar ferðamanna 2015

*Tourist accommodation 2015*

*Samantekt*

**Seldar gistinætur voru 6,5 milljónir hér á landi árið 2015 og fjölgaði um 19% frá fyrra ári. Gistinætur erlendra ferðamanna voru 86% af heildarfjölda gistinátta og fjölgaði um 27% frá fyrra ári. Gistinóttum Íslendinga fækkaði um 14%. Gistinætur á hótelum og gistiheimilum voru 63% allra gistinátta, 13% gistinátta voru á tjaldsvæðum og 24% á öðrum tegundum gististaða. Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum á milli ára. Sem fyrr voru flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu en hlutfallslega fjölgaði gistinóttum þó mest á Vesturlandi og Suðurnesjum.**

**Mikil aukning hefur orðið á seldum gistinóttum undanfarin ár. Þannig hefur heildarfjöldi gistinátta aukist um 3,3 milljónir eða ríflega tvöfaldast frá árinu 2011. Á þessum tíma hefur gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgað um 129,3% en gistinóttum Íslendinga hefur fjölgað um 15,6%.**

**Samhliða fjölgun gistinátta hefur framboð gistirýmis vaxið mikið á undanförnum árum. Gistináttatölur fyrir árið 2015 ná yfir 1189 gististaði. Mikil umræða hefur verið um aðila sem selja gistingu um vef Airbnb. Flestir stærri gististaðir á Airbnb eru meðtaldir í gögnum Hagstofunnar en ljóst er að töluvert vantar uppá fjölda smærri gististaða með 2 eða færri herbergi.**

## Heildarfjöldi gistinátta

*Gistinóttum fjölgar um 19%*

Heildarfjöldi seldra gistinátta var 6.536.352 árið 2015 sem er 19% aukning frá árinu 2014 þegar gistinætur voru 5.489.883. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 5.605.699 eða 85,7% af heildarfjölda gistinátta og fjölgaði um 27% frá fyrra ári. Gistinætur Íslendinga voru 930.653 og fækkar um 14% frá árinu 2014.

*Bretar kaupa flestar gistinætur, síðan Bandaríkjamenn og Þjóðverjar*

Bretar keyptu flestar gistinætur árið 2015 en gistinætur þeirra voru 1.107.408 og fjölgaði um 34% frá árinu 2014. Gistinætur Bandaríkjamanna voru næstflestar eða 1.013.681 og fjölgaði þeim hlutfallslega mest á milli ára eða um 37%. Gistinætur Þjóðverja voru 913.380 sem er aukning um 29% frá fyrra ári. Gistinóttum Frakka fjölgaði um 16% á milli ára og voru þær 421.601.

Hagstofa Íslands

*43,5% allra gistinátta eru á höfuðborgarsvæðinu*

Árið 2015 voru 43,5% allra gistinátta á höfuðborgarsvæðinu, en það er örlítil hækkun frá árinu áður. Tæplega helmingur gistinátta erlendra ríkisborgara var á höfuðborgarsvæðinu en 22% gistinátta Íslendinga. Af heildarfjölda gistinátta voru um 19% á Suðurlandi og 11% á Norðurlandi eystra. Gistinóttum fjölgaði í öllum landsvæðum á milli ára en hlutfallslega mest fjölgun var á Vesturlandi og á Suðurnesjum (sjá mynd 1).

**Mynd 1. Gistinætur eftir landsvæðum 2014–2015**
*Figure 1. Overnight stays by region 2014–2015*




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

*63% allra gistinátta eru á hótelum og gistiheimilum*

Árið 2015 voru 63% heildarfjölda gistinátta á hótelum og gistiheimilum, 13% á tjaldsvæðum og 24% á öðrum gististöðum, þ.e. íbúðagistingu, farfuglaheimilum, svefnpokagististöðum, heimagististöðum, orlofshúsabyggðum og skálum í óbyggðum (sjá mynd 2).

**Mynd 2. Hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða 2015**
*Figure 2. Percentage of overnight stays by type of accommodation 2015*



*Gistinóttum fækkar á milli ára á tjaldsvæðum*

Gistinóttum fjölgaði milli ára á öllum tegundum gististaða nema á tjaldsvæðum þar sem gistinóttum fækkaði um 9% á milli ára.

Val á tegund gististaða er nokkuð mismunandi eftir ríkisfangi gesta. Þannig voru 30,1% gistinátta Íslendinga á tjaldsvæðum og 53,3% á hótelum og gistiheimilum. Til samanburðar voru gistinætur erlendra gesta í 64,5% tilvika á hótelum og gistiheimilum og í 10,3% tilvika á tjaldsvæðum (sjá myndir 3 og 4).

**Mynd 3. Gistinætur Íslendinga eftir tegund gististaða 2015**
*Figure 3. Overnight stays of Icelanders by type of accommodation 2015*




**Mynd 4. Gistinætur útlendinga eftir tegund gististaða 2015**
*Figure 4. Overnight stays of foreigners by type of accommodation 2015*



**Mynd 5. Gistinætur Íslendinga eftir landsvæðum 2015, allir gististaðir**
*Figure 5. Overnight stays of Icelanders by region 2015, all types of accommodation*




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

**Mynd 6. Gistinætur útlendinga eftir landsvæðum 2015, allir gististaðir**
*Figure 6. Overnight stays of foreigners by region 2015, all types of accommodation*




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

*Gistinóttum hefur fjölgað um 3,3 milljónir á síðustu 5 árum*

Mikil aukning hefur orðið á seldum gistinóttum síðustu ár. Árið 2011 var heildarfjöldi gistinátta 3.248.960 en árið 2015 voru þær 6.536.352. Heildarfjöldinn hefur því aukist um 3,3 milljónir eða um 101,2% frá árinu 2011. Á þessum tíma hefur gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgað um 129,3% á meðan gistinóttum Íslendinga hefur fjölgað um 15,6%.

## Hótel og gistiheimili

*Gistinóttum fjölgar um 25%*

Gistinóttum á hótelum og gistiheimilum fjölgaði um 25% milli áranna 2014 og 2015, sem var töluverð meiri aukning en milli áranna 2013 og 2014. Gistinætur voru 4.108.890 á árinu 2015 eða 821.729 fleiri en árið 2014. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 88% af heildarfjölda gistinátta á hótelum og gistiheimilum og fjölgaði þeim um 22,8% á meðan gistinætur Íslendinga drógust saman um 0,8%. Gistirými á hótelum og gistiheimilum hefur einnig aukist frá fyrra ári, meðalframboð á herbergjum og rúmum jókst um 11,5% á milli ára.

*50,3% gistinátta er á höfuðborgarsvæðinu*

Af heildarfjölda gistinátta á hótelum og gistiheimilum árið 2015 voru sem fyrr flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eða 50,3%. Á Suðurlandi voru 16,2% gistinátta, 9,3% á Norðurlandi eystra og 8,4% á Austurlandi (sjá mynd 9 á bls. 6).

*Mikil aukning á Suðurlandi*

Gistinóttum á hótelum og gistiheimilum fjölgaði frá fyrra ári í öllum landshlutum. Hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á Suðurlandi eða um 37,5%. Á Vesturlandi fjölgaði gistinóttum um 30,4% á milli ára, 28,6% á Austurlandi, 25,1% á Suðurnesjum, 22,0% höfuðborgarsvæðinu og 16,8% á Norðurlandi.

**Mynd 7. Gistinætur á hótelum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2015**
*Figure 7. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2015*




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

*34% herbergja á höfuðborgarsvæðinu*

Mest framboð herbergja á hótelum og gistiheimilium er á höfuðborgarsvæðinu eða 40%. Á Suðurlandi eru 19% herbergja og 12% á Norðurlandi eystra. Fjöldi hótela og gistiheimila var 410 árið 2015 til samanburðar við 382 árið 2014 (sjá mynd 8 á næstu síðu og töflu 2 á bls. 15).

**Mynd 8. Dreifing herbergja á hótelum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2015**
*Figure 8. Number of hotel rooms and guesthouses by region 2015*




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

**Mynd 9. Gistinætur á hótelum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2015**
*Figure 9. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2015*




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

*Hvaða staðir flokkast sem hótel og gistiheimili?*

Til hótela og gistiheimila teljast hótel og gistiheimili sem starfa allt árið, svo og sumarhótel og sumargistiheimili. Hér teljast öll hótel og gistiheimili sem eru með sérstaka gestamóttöku og bjóða lágmarks hótelþjónustu þ.e. dagleg þrif á herbergjum og salernum. Auk þess eru í þessum flokki gistiheimili þar sem gistirými er 16 rúm eða fleiri og/eða 8 herbergi eða fleiri. Um 62,8% þeirra gistinátta sem gistináttatalning Hagstofunnar nær til eru á gististöðum í þessum flokki.

## Hótel

*Gistinóttum á hótelum fjölgar um 23,6%*

Gistinætur á hótelum voru 2.853.533 árið 2015 og fjölgaði um 23,6% frá fyrra ári. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru um 88,7% af heildarfjölda gistinátta á hótelum og fjölgaði um rúm 28,6% frá fyrra ári. Gistinóttum Íslendinga á hótelum fækkaði á sama tíma um 5,3%.

*Hlutfallslega mest aukning á Austurlandi 2015*

Gistinóttum á hótelum fjölgaði í öllum landshlutum milli ára. Hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á Austurlandi eða um 48,3%, á Suðurlandi 41,4% og á Suðurnesjum 23,5%. Á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða fjölgaði gistinóttum á hótelum um 23,3%, á höfuðborgarsvæðinu um 20,2% og um 13,4% á Norðurlandi.

*Nýting herbergja best á höfuðborgarsvæðinu*

Á sama tíma og gistinóttum á hótelum fjölgar eykst framboð gistirýmis á hótelum. Fjöldi gististaða sem flokkast sem hótel var 119 árið 2015 og fjölgaði þeim um 16 frá fyrra ári. Nýting herbergja árið 2015 var 64,5% og nýting rúma var 54,8%. Á höfuðborgarsvæðinu var herbergjanýting og rúmanýting hvað best eða um 78,7% og 64,2%.

*55% hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu 2015*

Á höfuðborgarsvæðinu eru 55% allra hótelherbergja, 18% á Suðurlandi, 10% á Norðurlandi, 6% á Austurlandi, 6% á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða og um 5% á Suðurnesjum (sjá mynd 10).

**Mynd 10. Dreifing herbergja á hótelum eftir landsvæðum 2015**
*Figure 10. Number of hotel rooms by region 2015*




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

Gistinætur á hótelum árið 2015 voru flestar á höfuðborgarsvæðinu eða um 65,4%, 14,8% á Suðurlandi, 6,6% á Norðurlandi, 4,7% á Suðurnesjum, 4,4% á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða og 4,1% á Austurlandi (sjá mynd 11).

Gistiskýrslur berast yfirleitt fljótt og vel frá hótelum. Á hótelum er gestamóttaka opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera á a.m.k. 75% herbergja. Heimtur gistiskýrslna frá hótelum voru mjög góðar árið 2015.

**Mynd 11. Gistinætur á hótelum eftir landssvæðum 2015**
*Figure 11. Overnight stays in hotels by region 2015*




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

## Tjaldsvæði

*Fækkun gistinátta um 9,2% miðað við fyrra ár*

Seldar gistinætur á tjaldsvæðum landsins voru 858.787 árið 2015 en til samanburðar 946.298 árið 2014. Gistinætur Íslendinga voru 33% af heildarfjölda gistinátta á tjaldsvæðum og fækkaði um 25% frá fyrra ári á meðan gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgaði um 20%. Flestar gistinætur á tjaldsvæðum voru á Suðurlandi eða 24,3%, 21,9% gistinátta voru á Norðulandi eystra, 15,1% á Austurlandi og 11,8% á samanlögðu svæði höfuðborgar og Suðurnesja. Gistinóttum á tjaldsvæðum fækkaði á milli ára á Norðurlandi, Austurlandi og á Suðurlandi en fjölgaði hinsvegar á Vesturlandi, Vestfjörðum og samanlögðu svæði höfuðborgar og Suðurnesja.

*Léleg skil frá smærri tjaldsvæðum*

Fjöldi gistinótta á tjaldsvæðum byggir á gögnum um 225 tjaldsvæði. Því miður voru skil frá tjaldsvæðum ekki nógu góð á síðasta ári og eru tæplega 56% af heildarfjölda gistinátta á tjaldsvæðum áætlaðuð. Flest stærri tjaldsvæði skila gögnum og við áætlun er byggt á þeim upplýsingum auk eldri gagna frá öðrum tjaldsvæðum. Meiri frávik geta þó verið í áætlunum á tjaldsvæðum en fyrir aðra gististaði þar sem framboð gistirýmis á hverju tjaldsvæði er óljóst.

**Mynd 12. Gistinætur á tjaldsvæðum eftir landsvæðum 2015**
*Figure 12. Overnight stays in camping sites by region 2015*




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

## Önnur gisting

Til annarra gististaða en þeirra sem fyrr hafa verið nefndir eru: íbúðagisting, farfuglaheimili, svefnpokagististaðir, heimagisting, skálar í óbyggðum og orlofshúsabyggðir. Gistinætur í orlofshúsabyggðum í eigu stéttarfélaga og félagasamtaka eru ekki meðtaldar hér.

*Mikil aukning gistinátta á heimagististöðum og í íbúðagistingu*

Undanfarin ár hefur verið mikil aukning á framboði í heimagistingu og íbúðagistingu. Mikil umræða hefur verið um aðila sem selja gistingu um vef Airbnb. Flestir stærri gististaðir á Airbnb eru meðtaldir í gögnum Hagstofunnar en ljóst er að töluvert vantar uppá fjölda smærri gististaða með 2 eða færri herbergi.

Gistinætur á heimagististöðum á síðasta ári voru 233.259 samanborið við 175.320 árið áður sem er 33,0% aukning milli ára.

Gistinætur í íbúðagistingu voru 520.183 á síðasta ári og fjölgaði um 22,1% á milli ára. Á farfuglaheimilum voru gistinætur 477.972 og fjölgaði um 27,1% frá fyrra ári. Gistinætur á svefnpokagististöðum voru 16.900 á síðasta ári sem er 15% aukning frá árinu 2014.

Gistinóttum í orlofshúsabyggðum, öðrum en þeim sem reknar eru af stéttarfélögum og félagasamtökum, fjölgaði um 27,7% frá fyrra ári, voru 265.300 til samanburðar við 207.800 árið 2014. Gistinóttum í skálum í óbyggðum fjölgaði um 2% milli ára, voru 73.000 árið 2015 til samanburðar við 71.500 árið 2014.

## Um skýrslugerðina

*Skýrslan byggir á gögnum frá 1.189 gististöðum*

Rannsókn Hagstofunnar tekur til allrar seldrar gistiþjónustu að undanskildum orlofshúsum félagasamtaka, stéttar- og starfsmannafélaga. Rannsóknin nær til allra gististaða óháð því hvort þeir hafi gistileyfi. Gistináttatalning Hagstofunnar er þýðisrannsókn og árið 2015 var leitað eftir upplýsingum frá 1.189 gististöðum.

*Gagnagrunnur uppfærður*

Erfitt hefur verið að fylgja eftir mikilli fjölgun gististaða á undanförnum árum, sérstaklega þeim stöðum sem ekki sækja sér tilskilin leyfi til sölu á gistiþjónustu. Sem fyrr segir telur Hagstofan að þeir gististaðir sem eru vantaldir séu yfirleitt smáir heimagististaðir eða íbúðagisting með færri en 2 herbergi.

*30% af heildarfjölda gistinátta áætlað*

Heimtur voru góðar hjá stærri gististöðum en lakari hjá smærri aðilum. Fyrir árið 2015 voru tæplega 30% af heildarfjölda gistinátta áætluð fyrir þá staði sem ekki skiluðu gögnum. Á hótelum, gistiheimilum, farfuglaheimilum, heimagistingu og orlofshúsum eru áætlanir byggðar á upplýsingum um gistirými og rúmanýtingu á öðrum sambærilegum gististöðum á sama landshluta. Gistirými er þekkt á öllum tegundum gististaða nema tjaldsvæðum, svefnpokagististöðum og skálum í óbyggðum. Við áætlanir gistinótta þar sem gistirými er óþekkt er stuðst við upplýsingar frá þeim sem skila gögnum auk þess sem tekið er mið af skilum fyrri ára.

*Framsetning gagna*

Í heftinu eru helstu niðurstöður gistináttatalningar Hagstofu Íslands sýndar í yfirlitstöflum og myndritum fyrir flesta flokka gististaða. Upplýsingar um gistirými, gistinætur og gestakomur eru birtar eftir tímabilum, landsvæðum og þjóðerni gesta. Landinu er skipt í átta svæði: höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Í sumum tilvikum hefur þurft að slá saman tölum fyrir fleiri en eitt svæði ef gististaðir eru of fáir til að unnt sé að birta niðurstöður.

Gististöðum ber að skila gistiskýrslu í upphafi hvers mánaðar fyrir mánuðinn á undan. Hagstofan birtir mánaðarlega fréttir um fjölda gistinátta og nýtingu gistirýmis á hótelum en ekki fyrir aðra flokka gististaða. Veftöflur um allar tegundir gististaða er hægt að nálgast á vef Hagstofunnar undir málaflokknum *Ferðaþjónusta*: www.hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/.

*Trúnaður*

Farið er með allar upplýsingar sem gististaðir veita Hagstofu Íslands sem trúnaðarmál. Öll úrvinnsla og framsetning gagna miðast við að ekki sé hægt að rekja niðurstöður til einstakra aðila.

## English summary

In this issue of Statistical Series, Statistics Iceland publishes accommodation statistics for the year 2015. Results are presented by overnight stays, arrivals by different types of accommodation establishments. Figures are broken down by region and citizenship of guests.

The total number of overnight stays was 6.5 million in the year 2015, which is a 19% increase compared with the year 2014. Nights spent by foreign tourists accounted for 86% of the total number of overnight stays in 2015 and increased by 27% compared with previous year. At the same time overnight stays of Icelanders decreased by 14%. From 2014 to 2015 the number of overnight stays increased in all types of accommodation establishments.

Most overnight stays in 2015 were spent by tourists from Britain, USA, and Germany.

**Mynd 13. Svæðaskipting í skýrslunni**
*Figure 13. Regional division in this report*



**Tafla 1. Fjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi og landsvæðum 2015**
*Table 1. Overnight stays and arrivals by citizenship and region 2015*

| | Alls *Total* | Höfuð-borgar-svæði *Capital region* | Suður-nes *South-west* | Vestur-land *West* | Vest-firðir *West-fjords* | Norður-land vestra *North-west* | Norður-land eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Gistinætur** ***Overnight stays*** | | | | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **6.536.352** | **2.841.856** | **305.884** | **438.365** | **223.646** | **185.179** | **741.082** | **581.404** | **1.218.936** |
| Ísland *Iceland* | 930.653 | 206.382 | 54.251 | 95.304 | 60.391 | 45.168 | 162.931 | 83.635 | 222.591 |
| Útlendingar *Foreigners* | 5.605.699 | 2.635.474 | 251.633 | 343.061 | 163.255 | 140.011 | 578.151 | 497.769 | 996.345 |
| Danmörk *Denmark* | 175.238 | 93.429 | 7.956 | 10.124 | 3.941 | 3.895 | 16.983 | 11.624 | 27.286 |
| Svíþjóð *Sweden* | 184.269 | 118.370 | 4.278 | 8.921 | 3.537 | 3.492 | 11.951 | 9.592 | 24.128 |
| Noregur *Norway* | 158.696 | 107.493 | 4.033 | 6.891 | 2.873 | 2.161 | 10.035 | 6.876 | 18.334 |
| Færeyjar *Faroe Island* | 7.323 | 5.585 | 193 | 44 | 36 | 15 | 858 | 379 | 213 |
| Grænland *Greenland* | 4.135 | 3.454 | 293 | 4 | 0 | 22 | 137 | 6 | 219 |
| Finnland *Finland* | 56.215 | 36.364 | 2.114 | 2.491 | 1.185 | 894 | 3.923 | 3.091 | 6.153 |
| Bretland *United Kingdom* | 1.107.408 | 665.733 | 45.684 | 56.827 | 20.549 | 16.053 | 67.127 | 57.281 | 178.154 |
| Írland *Ireland* | 23.872 | 17.810 | 979 | 403 | 196 | 153 | 1.129 | 1.095 | 2.107 |
| Þýskaland *Germany* | 913.380 | 329.949 | 41.696 | 67.164 | 37.651 | 32.060 | 125.041 | 107.862 | 171.957 |
| Holland *Netherlands* | 202.071 | 67.872 | 8.963 | 17.240 | 8.197 | 7.837 | 26.080 | 23.346 | 42.536 |
| Belgía *Belgium* | 62.975 | 14.731 | 3.468 | 4.552 | 2.744 | 2.756 | 10.045 | 8.629 | 16.050 |
| Frakkland *France* | 421.601 | 118.431 | 18.988 | 33.895 | 18.778 | 16.466 | 55.714 | 59.610 | 99.719 |
| Sviss (þ.m.t. Lichtenstein) *Switzerland (incl. Lichtenstein)* | 178.509 | 50.348 | 11.151 | 15.119 | 9.965 | 7.986 | 24.998 | 21.718 | 37.224 |
| Austurríki *Austria* | 46.038 | 11.448 | 2.515 | 2.888 | 1.958 | 2.310 | 8.713 | 6.245 | 9.961 |
| Ítalía *Italy* | 131.270 | 38.253 | 7.627 | 8.914 | 5.743 | 4.691 | 21.014 | 18.534 | 26.494 |
| Spánn *Spain* | 163.860 | 50.739 | 10.721 | 11.532 | 5.830 | 5.659 | 24.231 | 22.511 | 32.637 |
| Eistland *Estonia* | 3.329 | 2.203 | 110 | 86 | 22 | 22 | 359 | 212 | 315 |
| Króatía *Croatia* | 700 | 361 | 62 | 42 | 17 | 0 | 68 | 80 | 70 |
| Kýpur *Cyprus* | 1.141 | 1.005 | 5 | 4 | 56 | 2 | 10 | 3 | 56 |
| Lettland *Latvia* | 2.972 | 1.087 | 935 | 55 | 19 | 67 | 478 | 109 | 222 |
| Búlgaría *Bulgaria* | 1.899 | 968 | 555 | 20 | 32 | 34 | 70 | 71 | 149 |
| Grikkland *Greece* | 5.562 | 4.499 | 137 | 59 | 25 | 11 | 130 | 111 | 590 |
| Portúgal *Portugal* | 6.870 | 3.486 | 376 | 211 | 175 | 66 | 701 | 901 | 954 |
| Úkraína *Ukraine* | 2.408 | 1.184 | 194 | 66 | 38 | 19 | 259 | 176 | 472 |
| Ungverjaland *Hungary* | 8.967 | 5.362 | 454 | 168 | 133 | 42 | 926 | 757 | 1.125 |
| Tyrkland *Turkey* | 2.485 | 1.469 | 161 | 168 | 27 | 45 | 197 | 186 | 232 |
| Tékkland *Czech Republic* | 34.429 | 7.713 | 2.090 | 2.194 | 1.519 | 1.865 | 5.899 | 4.256 | 8.893 |
| Slóvenía *Slovenia* | 6.793 | 3.592 | 275 | 176 | 113 | 108 | 1.086 | 815 | 628 |
| Slóvakía *Slovakia* | 6.103 | 2.577 | 213 | 124 | 90 | 215 | 1.718 | 554 | 612 |
| Rússland *Russia* | 20.249 | 8.991 | 2.433 | 719 | 518 | 405 | 2.412 | 1.822 | 2.949 |
| Pólland *Poland* | 31.819 | 9.209 | 2.121 | 2.194 | 1.473 | 1.467 | 5.133 | 3.919 | 6.303 |
| Malta *Malta* | 739 | 496 | 29 | 22 | 8 | 8 | 69 | 59 | 48 |
| Lúxemborg *Luxembourg* | 4.235 | 2.663 | 240 | 93 | 58 | 34 | 488 | 218 | 441 |
| Litháen *Lithuania* | 3.302 | 1.505 | 165 | 121 | 115 | 67 | 482 | 398 | 449 |
| Rúmenía *Romania* | 3.303 | 1.980 | 252 | 223 | 46 | 14 | 322 | 233 | 233 |
| Önnur Evrópulönd *Other European countries* | 5.826 | 4.192 | 932 | 83 | 150 | 4 | 184 | 102 | 179 |
| Bandaríkin *Unites States of America* | 1.013.681 | 547.272 | 42.435 | 59.081 | 23.558 | 18.350 | 89.099 | 71.159 | 162.727 |
| Kanada *Canada* | 156.717 | 75.126 | 6.463 | 9.171 | 4.965 | 3.920 | 15.914 | 13.454 | 27.704 |
| Brasilía *Brazil* | 8.722 | 5.225 | 267 | 246 | 115 | 74 | 700 | 681 | 1.414 |
| Önnur lönd Mið- og Suður-Ameríku *Other South and Central American countr.* | 9.720 | 5.743 | 354 | 217 | 117 | 113 | 1.090 | 727 | 1.359 |
| Japan *Japan* | 80.053 | 38.087 | 4.596 | 5.585 | 1.189 | 1.055 | 5.474 | 5.072 | 18.995 |
| Kína *People's Republic of China* | 152.376 | 73.939 | 6.676 | 8.143 | 2.124 | 2.212 | 14.608 | 13.633 | 31.041 |

Tafla 1. Fjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi og landsvæðum 2015 (frh.)
*Table 1. Overnight stays and arrivals by citizenship and region 2015 (cont.)*

| | Alls *Total* | Höfuð-borgar-svæði *Capital region* | Suður-nes *South-west* | Vestur-land *West* | Vest-firðir *West-fjords* | Norður-land vestra *North-west* | Norður-land eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Suður-Kórea *Republic of South Kora* | 11.926 | 5.248 | 1.327 | 381 | 91 | 114 | 1.457 | 1.535 | 1.773 |
| Indland *India* | 9.658 | 5.657 | 392 | 218 | 193 | 105 | 836 | 710 | 1.547 |
| Ísrael *Israel* | 31.313 | 5.643 | 1.152 | 1.197 | 1.016 | 1.357 | 7.006 | 5.383 | 8.559 |
| Önnur Asíulönd *Other Asian countries* | 81.973 | 44.141 | 3.613 | 3.056 | 643 | 870 | 7.185 | 6.731 | 15.734 |
| Suður-Afríka *South Africa* | 2.308 | 1.108 | 70 | 68 | 39 | 85 | 312 | 199 | 427 |
| Önnur Afríkulönd *Other African countries* | 6.005 | 3.327 | 102 | 68 | 132 | 24 | 702 | 1.040 | 610 |
| Ástralía *Australia* | 46.732 | 27.607 | 1.579 | 1.644 | 1.115 | 745 | 4.372 | 3.789 | 5.881 |
| Nýja-Sjáland *New Zealand* | 3.971 | 2.393 | 183 | 147 | 124 | 40 | 365 | 266 | 453 |
| Önnur lönd Eyjaálfu og önnur landsvæði *Other Oceania and other territories* | 553 | 407 | 26 | 2 | 17 | 2 | 61 | 9 | 29 |
| **Gestakomur** ***Arrivals*** | | | | | | | | | |
| **Alls** ***Total*** | **3.983.313** | **1.365.672** | **238.993** | **297.602** | **154.313** | **135.493** | **486.614** | **449.002** | **855.624** |
| Ísland *Iceland* | 602.889 | 121.580 | 43.220 | 62.245 | 39.083 | 30.193 | 98.508 | 56.356 | 151.704 |
| Útlendingar *Foreigners* | 3.380.424 | 1.244.092 | 195.773 | 235.357 | 115.230 | 105.300 | 388.106 | 392.646 | 703.920 |
| Danmörk *Denmark* | 100.267 | 42.945 | 5.519 | 6.955 | 2.598 | 2.629 | 11.230 | 9.026 | 19.365 |
| Svíþjóð *Sweden* | 93.179 | 47.828 | 2.975 | 6.125 | 2.375 | 2.358 | 7.731 | 7.137 | 16.650 |
| Noregur *Norway* | 83.362 | 48.264 | 2.979 | 4.616 | 1.914 | 1.487 | 6.480 | 4.977 | 12.645 |
| Færeyjar *Faroe Island* | 3.033 | 1.979 | 155 | 41 | 15 | 15 | 378 | 307 | 143 |
| Grænland *Greenland* | 1.892 | 1.351 | 284 | 4 | 0 | 22 | 68 | 6 | 157 |
| Finnland *Finland* | 28.558 | 14.811 | 1.677 | 1.691 | 781 | 647 | 2.364 | 2.290 | 4.297 |
| Bretland *United Kingdom* | 589.448 | 293.956 | 33.364 | 37.001 | 13.984 | 11.261 | 42.576 | 41.111 | 116.195 |
| Írland *Ireland* | 11.432 | 6.728 | 784 | 299 | 175 | 131 | 711 | 923 | 1.681 |
| Þýskaland *Germany* | 566.227 | 157.194 | 34.080 | 44.248 | 24.431 | 23.364 | 81.441 | 85.605 | 115.864 |
| Holland *Netherlands* | 123.396 | 33.308 | 7.481 | 10.167 | 5.472 | 6.183 | 15.945 | 17.279 | 27.561 |
| Belgía *Belgium* | 43.566 | 7.631 | 2.891 | 3.309 | 2.054 | 2.186 | 6.928 | 6.875 | 11.692 |
| Frakkland *France* | 294.272 | 64.361 | 15.627 | 24.323 | 14.319 | 12.786 | 39.974 | 47.016 | 75.866 |
| Sviss (þ.m.t. Lichtenstein) *Switzerland (incl. Lichtenstein)* | 122.220 | 28.162 | 9.560 | 10.426 | 7.529 | 6.321 | 16.784 | 17.151 | 26.287 |
| Austurríki *Austria* | 32.200 | 6.159 | 2.121 | 2.031 | 1.462 | 1.851 | 5.903 | 5.406 | 7.267 |
| Ítalía *Italy* | 97.224 | 22.989 | 6.331 | 6.893 | 4.521 | 3.787 | 15.559 | 16.077 | 21.067 |
| Spánn *Spain* | 117.812 | 27.714 | 8.968 | 8.577 | 4.455 | 4.527 | 18.766 | 19.416 | 25.389 |
| Eistland *Estonia* | 1.734 | 829 | 89 | 72 | 14 | 16 | 267 | 187 | 260 |
| Króatía *Croatia* | 417 | 142 | 55 | 35 | 16 | 0 | 64 | 51 | 54 |
| Kýpur *Cyprus* | 307 | 208 | 5 | 2 | 52 | 2 | 9 | 3 | 26 |
| Lettland *Latvia* | 1.498 | 461 | 392 | 52 | 18 | 67 | 216 | 104 | 188 |
| Búlgaría *Bulgaria* | 801 | 365 | 97 | 17 | 31 | 34 | 65 | 65 | 127 |
| Grikkland *Greece* | 2.371 | 1.617 | 124 | 47 | 25 | 11 | 100 | 101 | 346 |
| Portúgal *Portugal* | 4.631 | 1.846 | 307 | 193 | 147 | 66 | 545 | 837 | 690 |
| Úkraína *Ukraine* | 1.477 | 450 | 141 | 56 | 30 | 19 | 212 | 169 | 400 |
| Ungverjaland *Hungary* | 4.930 | 2.015 | 409 | 141 | 101 | 39 | 644 | 694 | 887 |
| Tyrkland *Turkey* | 1.472 | 678 | 137 | 92 | 27 | 40 | 156 | 166 | 176 |
| Tékkland *Czech Republic* | 23.352 | 3.170 | 1.670 | 1.614 | 1.109 | 1.414 | 4.575 | 3.501 | 6.299 |
| Slóvenía *Slovenia* | 3.546 | 1.081 | 115 | 159 | 87 | 108 | 697 | 772 | 527 |
| Slóvakía *Slovakia* | 3.570 | 884 | 198 | 86 | 83 | 166 | 1.097 | 501 | 555 |
| Rússland *Russia* | 12.930 | 3.752 | 1.768 | 626 | 415 | 362 | 1.951 | 1.681 | 2.375 |
| Pólland *Poland* | 21.884 | 4.530 | 1.634 | 1.663 | 1.089 | 1.163 | 3.569 | 3.273 | 4.963 |
| Malta *Malta* | 471 | 253 | 25 | 20 | 8 | 6 | 60 | 53 | 46 |

Tafla 1. Fjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi og landsvæðum 2015 (frh.)
*Table 1. Overnight stays and arrivals by citizenship and region 2015 (cont.)*

| | Alls *Total* | Höfuð-borgar-svæði *Capital region* | Suður-nes *South-west* | Vestur-land *West* | Vest-firðir *West-fjords* | Norður-land vestra *North-west* | Norður-land eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lúxemborg *Luxembourg* | 1.790 | 669 | 188 | 83 | 50 | 32 | 303 | 187 | 278 |
| Litháen *Lithuania* | 2.071 | 590 | 137 | 114 | 102 | 63 | 421 | 314 | 330 |
| Rúmenía *Romania* | 1.540 | 679 | 123 | 149 | 36 | 14 | 180 | 179 | 180 |
| Önnur Evrópulönd *Other European countries* | 1.832 | 1.144 | 101 | 57 | 86 | 4 | 177 | 96 | 167 |
| Bandaríkin *Unites States of America* | 586.322 | 257.977 | 31.030 | 40.642 | 16.699 | 13.422 | 56.653 | 54.353 | 115.546 |
| Kanada *Canada* | 95.428 | 35.581 | 4.929 | 6.735 | 3.640 | 2.862 | 10.945 | 10.713 | 20.023 |
| Brasilía *Brazil* | 5.243 | 2.522 | 216 | 187 | 103 | 73 | 512 | 592 | 1.038 |
| Önnur lönd Mið- og Suður-Ameríku *Other South and Central American countr.* | 5.892 | 2.762 | 283 | 187 | 98 | 104 | 715 | 664 | 1.079 |
| Japan *Japan* | 47.402 | 19.022 | 3.598 | 3.552 | 789 | 736 | 3.569 | 3.627 | 12.509 |
| Kína *People's Republic of China* | 106.845 | 44639 | 5700 | 6234 | 1460 | 1723 | 10760 | 11492 | 24837 |
| Suður-Kórea *Republic of South Kora* | 9.219 | 3.098 | 1.269 | 363 | 76 | 106 | 1.277 | 1.431 | 1.599 |
| Indland *India* | 5.517 | 2.530 | 272 | 192 | 152 | 98 | 567 | 652 | 1.054 |
| Ísrael *Israel* | 25.722 | 4.155 | 1.090 | 1.108 | 923 | 1.345 | 5.584 | 5.083 | 6.434 |
| Önnur Asíulönd *Other Asian countries* | 55.584 | 23.950 | 3.188 | 2.684 | 553 | 835 | 5.647 | 5.847 | 12.880 |
| Suður-Afríka *South Africa* | 1.458 | 538 | 64 | 45 | 29 | 56 | 216 | 181 | 329 |
| Önnur Afríkulönd *Other African countries* | 3.375 | 1.501 | 94 | 58 | 91 | 22 | 194 | 910 | 505 |
| Ástralía *Australia* | 28.923 | 13.694 | 1.374 | 1.251 | 898 | 697 | 2.985 | 3.310 | 4.714 |
| Nýja-Sjáland *New Zealand* | 2.529 | 1.239 | 141 | 133 | 95 | 38 | 287 | 246 | 350 |
| Önnur lönd Eyjaálfu og önnur landsvæði *Other Oceania and other territories* | 253 | 141 | 14 | 2 | 13 | 2 | 49 | 9 | 23 |

**Tafla 2. Fjöldi gististaða eftir tegundum og landsvæðum 2014–2015**
*Table 2. Number of accommodation establishments by type and region 2014–2015*

| | Alls *Total* | Höfuð-borgar-svæði *Capital region* | Suður-nes *South-west* | Vestur-land *West* | Vest-firðir *West-fjords* | Norður-land vestra *North-west* | Norður-land eystra *North-east* | Austur-land *East* | Suður-land *South* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2014** | | | | | | | | | |
| **Alls *Total*** | **1.149** | **182** | **37** | **119** | **113** | **102** | **174** | **153** | **269** |
| Hótel *Hotels* | 103 | 39 | 6 | 9 | 3 | 3 | 13 | 8 | 22 |
| Íbúðagisting *Apartments* | 74 | 46 | 2 | 2 | 5 | • | 8 | 2 | 9 |
| Gistiheimili[1] *Guesthouses*[1] | 276 | 37 | 9 | 31 | 27 | 26 | 46 | 48 | 52 |
| Heimagisting *Private homes* | 250 | 44 | 13 | 30 | 25 | 26 | 39 | 25 | 48 |
| Farfuglaheimili *Hostels* | 55 | 10 | 2 | 4 | 6 | 2 | 7 | 9 | 15 |
| Orlofshúsabyggðir *Cottages* | 55 | • | 1 | 9 | 2 | 6 | 11 | 10 | 16 |
| Svefnpokagististaðir *Sleeping bag accommodation* | 42 | 1 | • | 6 | 5 | 6 | 4 | 6 | 14 |
| Skálar *Huts in the wilderness* | 68 | • | • | • | 3 | 8 | 9 | 13 | 35 |
| Tjaldsvæði *Camping* | 202 | 5 | 4 | 28 | 34 | 24 | 33 | 29 | 45 |
| Tjaldsvæði á hálendinu *Camping in the wilderness* | 24 | • | • | • | 3 | 1 | 4 | 3 | 13 |
| **2015** | | | | | | | | | |
| **Alls *Total*** | **1.189** | **192** | **40** | **126** | **114** | **103** | **181** | **157** | **276** |
| Hótel *Hotels* | 119 | 45 | 7 | 10 | 3 | 4 | 14 | 11 | 25 |
| Íbúðagisting *Apartments* | 78 | 48 | 2 | 2 | 4 | • | 9 | 2 | 11 |
| Gistiheimili[1] *Guesthouses*[1] | 283 | 37 | 11 | 33 | 29 | 26 | 48 | 47 | 52 |
| Heimagisting *Private homes* | 258 | 44 | 13 | 31 | 25 | 26 | 42 | 27 | 50 |
| Farfuglaheimili *Hostels* | 61 | 13 | 2 | 7 | 6 | 2 | 7 | 9 | 15 |
| Orlofshúsabyggðir *Cottages* | 56• | | 1 | 9 | 2 | 6 | 11 | 10 | 17 |
| Svefnpokagististaðir *Sleeping bag accommodation* | 41 | 1 | • | 6 | 5 | 6 | 3 | 6 | 14 |
| Skálar *Huts in the wilderness* | 68 | • | • | • | 3 | 8 | 9 | 13 | 35 |
| Tjaldsvæði *Camping* | 201 | 5 | 4 | 28 | 34 | 24 | 33 | 29 | 44 |
| Tjaldsvæði á hálendinu *Camping in the wilderness* | 24 | • | • | • | 3 | 1 | 4 | 3 | 13 |

[1] Heilsársgistiheimili, sumargistiheimili og sumarhótel. *Guesthouses, summer guesthouses and summer hotels.*

**Tafla 3. Nýting herbergja og rúma á hótelum og gistiheimilum eftir mánuðum 2014–2015**
*Table 3. Occupancy rooms and beds in hotels and guesthouses by months 2014–2015*

| | Nýting á hótelum *Hotel occupancy* | |
|---|---|---|
| | Herbergi *Rooms* | Rúm *Beds* |
| **2014** | **61,8** | **51,5** |
| Janúar *January* | 40,8 | 33,0 |
| Febrúar *February* | 59,8 | 49,1 |
| Mars *March* | 61,8 | 51,8 |
| Apríl *April* | 53,8 | 44,2 |
| Maí *May* | 58,9 | 48,4 |
| Júní *June* | 76,3 | 63,5 |
| Júlí *July* | 86,9 | 75,7 |
| Ágúst *August* | 85,4 | 72,9 |
| September *September* | 65,0 | 52,8 |
| Október *October* | 57,5 | 47,2 |
| Nóvember *November* | 50,8 | 42,0 |
| Desember *December* | 41,1 | 34,5 |
| **2015** | **64,5** | **54,8** |
| Janúar *January* | 50,3 | 41,2 |
| Febrúar *February* | 63,3 | 54,2 |
| Mars *March* | 62,6 | 54,1 |
| Apríl *April* | 52,1 | 44,3 |
| Maí *May* | 61,3 | 51,5 |
| Júní *June* | 76,9 | 64,5 |
| Júlí *July* | 88,3 | 77,3 |
| Ágúst *August* | 83,8 | 73,2 |
| September *September* | 66,9 | 56,2 |
| Október *October* | 60,8 | 50,4 |
| Nóvember *November* | 55,7 | 46,4 |
| Desember *December* | 46,8 | 39,5 |
| **Breyting milli ára, 2014–2015, %** | | |
| ***Change between 2014–2015, %*** | 4,4 | 6,4 |
| Janúar *January* | 23,0 | 24,9 |
| Febrúar *February* | 5,9 | 10,4 |
| Mars *March* | 1,3 | 4,4 |
| Apríl *April* | -3,0 | 0,2 |
| Maí *May* | 4,1 | 6,3 |
| Júní *June* | 0,8 | 1,6 |
| Júlí *July* | 1,6 | 2,1 |
| Ágúst *August* | -1,8 | 0,4 |
| September *September* | 2,8 | 6,3 |
| Október *October* | 5,7 | 6,9 |
| Nóvember *November* | 9,7 | 10,4 |
| Desember *December* | 13,8 | 14,4 |

Hagtíðindi
Statistical Series

**Ferðaþjónusta**
***Tourism***

101. árg. • 8. tbl.
5. apríl 2016
ISSN 1670-4770
Umsjón *Supervision* Hildur Kristjánsdóttir • hildur.kristjansdottir@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland
www.hagstofa.is *www.statice.is*
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.
*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*